



Fundargerð

344. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 11. október 2012, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR) Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka tvö mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 343. fundur hreppsnefndar 13. september 2012.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 1. október 2012.

1201002 – Reykhólahöfn 219869, stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn um lóð frá SG 2012 ehf. breyttur skipulagsuppdráttur sem unnin er af Landmótun. Hreppsnefndin samþykkir tillöguna, og vísar henni til grenndarkynningar skv. 44. gr.skipulagslaga 123/2010. Samþykkt samhljóða.

1210001 – Seljanes 139667, stofnun sumarhúsalóðar.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

1210002 – Króksfjarðarnes 139643, framkvæmdaleyfi vegna malarnáms.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

1210003 – Deildará 139547, stofnun sumarhúsalóðar.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

1102005 – Tröllendi deiliskipulagstillaga.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 2. október 2012

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu:

1. 1210005 - Menningar- og ferðamálafulltrúi.

Erindi frá Sveini Ragnarssyni og Höllu Steinólfsdóttur dagsett 20. september 2012 sent fimm sveitarfélögum, þar sem lögð er fram hugmynd að sameiginlegum menningar- og ferðamálafulltrúa fyrir þessi fimm sveitarfélög.

Bókun Dalabyggðar frá fundi 25. september við sama erindi.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið. Samþykkt samhljóða.

2. 1111018 - Starfsemi Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi.

Erindi frá formanni félagsins dagsett 18. september 2012.

- Ósk um akstursstyrk
- Könnun á því hvort sveitarfélögin séu tilbúin að hafa starfsmann sem sinnir starfi með eldri borgunum
- Ósk um styrk vegna námskeiðahalds.

Hreppsnefnd samþykkir að veita Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi akstursstyrk að upphæð kr. 70.000,- eins og áður. Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps rekur félagsstarf aldraðra í Reykhólahreppi sem ætlað er öllum eldri borgunum í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd hvetur Félag eldri borgara að kynna sér starfsemina.

3. 1210006 - Styrkbeiðni vegna Forvarnardagsins.

Erindi frá félagsmiðstöðinni Ozone á Hólmavík dagsett 10. september 2012, þar sem farið er fram á styrk til stuðnings við fyrirlestur ætluðum foreldrum og börnum þann 24. október 2012 í tilefni Forvarnardagsins.

Hreppsnefnd samþykkir að veita félagsmiðstöðinni Ozone styrk að upphæð 20.000,- og óskar þess að fyrirlesturinn verði kynntur sérstaklega fyrir foreldrum og börnum í Reykhólahreppi. Samþykkt samhljóða.

4. 1210007 - Tillaga að landsskipulagsstefnu 2013 -2024, ósk um umsögn.

Erindi frá Skipulagsstonun dagsett 24. september 2012.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

5. 1203006 - Umsögn um frumvarp til alag um málefni innflytjenda, 64. mál.

Erindi frá nefndarsviði Alþingi dagsett 20. september 2012.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

6. 1210008 - Umsögn um frumvarp til laga um barnaverndarlög, 65. mál.

Erindi frá nefndarsviðið Alþingi dagsett 21. september 2012.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

7. 1210009 - Umsögn um frumvarp til alaga um kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við atkvæðagreiðslu), 180. mál.

Erindi frá nefndarsviði Alþingi dagsett 28. september 2012.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

Til kynningar

- 8. 1108013 – Umhverfissvottun Vestfjarða, kynningarfundur með Guðrúnu Bergmann.**
Minnisblað fundar sveitarstjórna Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfjarða með Guðrúnu Bergmann 13. september 2012.

Lagt fram.

- 9. 1105042 – Ósk um undanþágu frá gr. 9 í reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.**
Svar Umhverfissráðuneytis dagsett 25. september.

Lagt fram, svarið hefur þegar verið kynnt fyrir föstöðumanni Grettislaugar.

- 10. 1210010 - Ágóðahlutagreiðsla 2012**
Erindi frá Frá EBÍ Brunabót dagsett 13. september 2012

Kynnt, ágóðahluti Reykhólahrepps er 322.000,- .

- 11. 1210011 - Náttúruverndarlög - umsögn**
Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga erindi dagsett 26. september 2012.

Lögð fram.

- 12. 1210012 - Samfélag, atvinnulíf og íbúðapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun.**
Úrdráttur úr skýrslu Byggðastofnunar sem gefin var út 2012.

Kynnt.

- 13. 1210013 - OneStreetMap**
Erind frá Svavari Kjarrval Lútherssyni dagsett 6. september 2012.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og samþykkir að veita aðgang að upplýsingunum án tilkostnaðar.

- 14. 1210014 - Sjálboðaliðar Veraldarvina árið 2013.**
Erindi frá Veraldarvinum dagsett 14. september 2012

Kynnt. Sveitarstjóra og Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur falið að skoða málið.

- 15. 1210015 - Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 16. ágúst og 11. september 2012.**

Fundargerðir lagðar fram.

- 16. 1210016 - Fundargerðir stjórnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða 8. júní, 21. júní, 11. júlí og 23. ágúst 2012.**

Fundargerðir lagðar fram.

17. 11210017 - Fundargerðir stjórnar Vaxvest 1. til 13. fundur.

Fundargerðir lagðar fram.

18. 1210018 - Fundargerð heilbrigðisnefndar 31. ágúst 2012.

Fundargerð lögð fram.

19. 1210019 - 799. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

20. 1210020 – Þjóðaratkvæðagreiðsla 20. október 2012.

Kjörstaður og kjörskrá.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu kjörstjórnar að kjörstaður vegna þjóðaratkvæða-greiðslu þann 20. október 2012 verði á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, samþykkt samhljóða. Farið yfir kjörskrá, hreppsnefnd samþykkir kjörskránnar samhljóða.

21. 1210021 – Fyrirspurn um málstefnu sveitarfélaga.

Nýju sveitarstjórnarlögin fela í sér fjölmörg ný verkefni fyrir sveitarfélögin (fjármálareglur, siðareglur, nýjar samþykktir, endurskoðun samninga um samstarfsverkefni, o.m.fl.). Eðlilegt er að innleiðing laganna taki tíma og sveitarfélögin þurfi, rétt eins og ráðuneytið, að forgangsraða verkefnum innan þess ferlis. Málstefna í sveitarfélögum er þar ekki endilega forgangsmál og sveitarfélögin munu m.a. líta til þeirrar fyrirmyndar sem mun felast í málstefnu sem sett verður fyrir Stjórnarráðið.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:03

_____	_____
_____	_____
_____	_____

